



Fundargerð hreppsnefndar 17. nóvember 2015

Fundur nr. 31 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 17. nóvember 2015 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Guðrún Hildur Gunnarsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Víglundur Páll Einarsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps:

a. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2016-2019 lögð fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætluninni og lykiltölum hennar. Í næstu viku verður vinnufundur haldinn en síðan samþykkt samhljóða að vísa áætluninni til síðari umræðu.

2. Fundargerðir:

a. Atvinnu- og ferðamálanefndar dags. 27. október 2015

Tekinn var til umræðu 1. liður í fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar er varða tillögur nefndarinnar að nýtingu byggðakvóta næsta árs. Tillögurnar fela í sér að byggðakvóta til einstakra fiskiskipa fiskveiðiárið 2015-2016 verði úthlutað með eftirfarandi hætti:

•28% úthlutaðs byggðakvóta skiptist jafnt milli báta undir 1000 tonnum með heimilisfestu á Vopnafirði og 72% byggðakvótans er skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan bolfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðul í þorskígildum talið, sem landað var á Vopnafirði á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.

•Aflinn sem landaður er skal nema, í þorskígildum talið, jafn miklu magni þess aflamarks sem hlutaðeigandi fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari.

Minnihluti óskaði bókunar:

Undirritaðir leggja fram eftirfarandi bókun:

Varðandi skiptingu byggðakvótans leggjum við til að byggðakvóta verði skipt 80% eftir veiðireynslu og 20% jafnt á milli báta.

Magnús Þór Róbertsson, Víglundur Páll Einarsson og Bárður Jónasson.

Tillagan síðan borin upp: Magnús Þór, Víglundur Páll og Bárður samþykktu á móti Stefán Grímur, Eyjólfur, Guðrún Hildur og Sigríður Elva.

Meirihluti lagði fram eftirfarandi breytingartillögu:

35% úthlutaðs byggðakvóta skiptist jafnt milli báta undir 1000 tonnum með heimilisfestu á Vopnafirði og 65% byggðakvótans er skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan bolfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðul í þorskígildum talið, sem landað var á Vopnafirði á tímabilinu 1. september 2014 til 31. ágúst 2015.

Að fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu á Vopnafirði á

tímabilinu frá 1. september 2015 til 31. ágúst 2016. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, jafn miklu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari. Eigandi fiskiskips skal gera skriflegan samning við fiskkaupendur um magn sem landað verður til vinnslu á Vopnafirði, þar sem fram kemur að vinnsluaðilar skuldbindi sig til að vinna aflann á Vopnafirði og skal sveitarstjórn árita samninginn til staðfestingar.

Tillagan síðan borin upp og var samþykkt með 4 atkvæðum meirihluta, Stefáns Gríms, Eyjólfss, Guðrúnar Hildar og Sigríðar Elvu. Á mót Magnús Þór, Víglundur Páll og Bárður.

Fundargerðin, þ.e. liðir 2. og 3., bornir upp til samþykktar og þeir samþykktir samhljóða.

b. Menningarmálanefndar dags. 5. nóvember 2015
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

c. Hafnarstjórnar dags. 10. nóvember 2015
Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d. 830. og 831. fundir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 11. september og 30. október 2015.
Lagt fram til kynningar.

e. Framkvæmdarstjórnar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 13. október, stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 6. nóvember og aðalfundar Skólaskrifstofu Austurlands dags. 6. nóvember 2015
Lagt fram til kynningar.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a. Víglundi Páli Einarssyni
Samhljóða samþykkt að veita Víglundi Páli ársleyfi frá sveitarstjórnarstörfum.

b. Héraðsskjalasafni Austfirðinga
Samhljóða samþykkt að Sigríður Bragadóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins á aðalfundi Héraðsskjalasafnsins.

4. Almenn mál:

a. Heimasíður sveitarfélagsins
Lögð fram tillaga að starfshópi og hann skipi Stefán Grímur Rafnsson, Aðalbjörn Björnsson, Sandra Konráðsdóttir, Fanney Hauksdóttir, Magnús Már Þorvaldsson. Með hópnum starfi sveitarstjóri og kalli nefndina, vefhópin, saman.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða – fundi slitið kl. 16:51.

[Eylgigögn fundar 171115.pdf](#)